

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af starfsmönnum Jarðborana og er tekin þegar þeir voru að bora á Þeistareykjum í haust. Þeir eru Trausti Finna, Snorri Gunnlaugs og Emil Kári Ólafsson. Þó nokkrir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis starfa nú hjá Jarðborunum bæði hér heima og eins erlendis. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Jólahald fyrir nýbúa



Stéttarfélagin bafa lagt mikla áberstu á að bjálpa nýbúum sem hér starfa til að aðlagast samfélaginu með því að bjóða þeim upp á íslensku námskeið og nú bafa félagin til skoðunar að standa fyrir jólaboði í desember.

Stéttarfélagin hafa til skoðunar að bjóða erlendum félagsmönnum í jólaboð um hátíðarnar ekki síst þar sem hluti þeirra búa einir í íbúðum á svæðinu fjarri vinum og ættingjum. Hugmyndin hefur verið reifuð við nýbúana og eru þeir almennt ánægðir með hana sem gengur út á að þeir komi með sinn jólamat og njóti þess að eiga notalega stund í góðra vina hópi eina kvöldstund í desember. Þá yrði einnig kynning á þeim hefðum sem skapast hafa og tengjast jólahaldi á Íslandi.

• MOLAR

Skólastjórnendur!

Ef þið hafið áhuga á að heim-sækja stéttarfélagin eða viljið fá starfsmenn félaganna í heimsókn í skólana til að kynna starfsemi stéttarfélaganna fyrir nemendum skólanna vinsamlegast hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Góður afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur samið við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Afsláttur þessi nær einnig til félagsmanna þeirra félaga sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Stéttarfélagin hafa til sölu miðar í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið er kr. 600,-.

• MOLAR

Styrkir til námskeiða

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum veita félagsmönnum margs konar styrki til náms eða til námskeiða sem þeir sækja. Félagsmenn eru hvattir til að leita upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Orlofsíbúð á Akureyri

Félagsmönnum stéttarfélaganna býst nú nýr orlofskostur á Akureyri. Gert hefur verið samkomulag við Verkalýðsfélag Akraness um aðgang fyrir félagsmenn að íbúð félagsins á Akureyri. Íbúðin er í Furulundi 8 og er 3ja herbergja. Vikuleiga er kr. 15.000,-. sólarhringsleiga er kr. 2.000,- og helgarleiga er kr. 9.000,-, það er frá föstudegi til sunnudags. Íbúðina er hægt að bóka á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600. Aðeins félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum eiga kost á að fá íbúðina leigða.

Launahækkanir 1. janúar 2007

Frá 1. janúar 2007 hækka laun starfsmanna almennt um 2,25% til 4%. Búið er að uppfæra nýjar launatöflur fyrir félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum sem hægt er að nálgast á heimasíðuunni vh.is. Einnig er hægt að fá frekari upplýsingar um hækkanirnar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Dekurhúsið G-26!



Kíddý og Begga brostu sínu blíðasta þegar ný og glæsileg verslun var opnuð í Dekurbúsini fyrir stuttu.

Nýlega var opnuð ný fataverslun að Garðarsbraut 26, það er fyrir ofan Skrifstofu stéttarfélaganna. Verslunin hefur fengið nafnið Metro. Á hæðinni er auk þess hársnyrtistofa, snyrtistofa og nuddstofur. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og hefur lyftu m.a. verið komið fyrir milli hæða til að auðvelda fólki aðgengi að þjónustunni sem er til fyrir-

myndar. Það er sem sagt dekrað við þá sem leggja leið sína í Metro. Stéttarfélagin sem eru til húsa á neðri hæðinni telja sig líka dekra við félagsmenn og kappkosta að veita félagsmönnum góða þjónustu. Það má því með sannri segja að Garðarsbraut 26 standi undir nafni sem Dekurhúsið.

**Vetraropnun
Skrifstofunnar
Skrifstofa stéttarfélaganna
er opin alla virka daga milli
8 og 17. Opið er í hádeginu.**

Öflugt samstarf ÞP og VHN



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum og Þekkingarsetur Þingeyinga hafa undanfarið átt mjög gott samstarf um námskeiðahald. Nokkur námskeið hafa verið í gangi á vegum samstarfsaðilanna og fleiri eru fyrirhuguð eftir áramót. Hér eru þær

Guðrún og Guðrún Kristín að taka við skráningum á námskeið. Þær eru báðar starfsmenn Þekkingarsetursins og hafa ekki verið verkefnalausar undanfarnar vikur og mánuði enda mikil þörf fyrir námskeiðahald á svæðinu.

Sumarhús við Öxarfjörð



Ef þú vilt njóta náttúrunnar og slappa af í notalegu umhverfi er Öxarfjörðurinn rétti staðurinn. Félagsmenn geta fengið sumarhús stéttarfélaganna í Drangahólaskógi

leigt í vetur um helgi eða virka daga allt eftir samkomulagi. Áhugasamir hafi samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Atvinnuhúsnæði til leigu!

Stéttarfélagin auglýsa til leigu 64m² húsnæði að Garðarsbraut 26 sem er í suðurenda hússins.

Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi og er laust nú þegar.

Áhugasamir hafi samband við Aðalstein Á. Baldursson á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Fyrir neðan bakka og ofan



- Vegleg jólagjöf -

Saga verkalyðshreyfingar, atvinnulífs og stjórnmála er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á sérstöku tilboðsverði kr. 3000,-. Um er að ræða þrjú vönduð bindi í veglegri öskju. Fjölmargar myndir prýða bindin og hefur ritverkið fengið góða dóma hjá gagnrýnendum.

Ritverk sem þetta á heima á hverju heimili í Þingeyjarsýslum.

Um er að ræða veglega jóla-, afmælis- eða tækifærissgjöf.




Það var fríður bópur barna og gæslumanna sem var á ferð um Húsavík þegar ljósmyndari Fréttabréfsins náði þessari mynd við Búðarána.



Hér má sjá Sigurveigu Jónsdóttur við störf í Ýdölum þegar aðalfundur Atvinnubrúnarfélags Þingeyinga stóð yfir. Sigurveig sá um veitingarnar sem voru í boði á fundinum og gerði það með stakri þryði.



Jón Þormóðsson starfsmaður Húsasmiðjunnar á Húsavík er hér við störf í norðan kulda fyrir nokkrum dögum. Jón er braustmenni mikið og lét ekki frostið bafa mikil ábrif á sig.



LAND OG FÓLK

Byggðasaga Norður-Þingeyinga

kom út í desember 2003. Vönduð bók þar sem lýst er öllum bújörðum sýslunnar og ábúendum.

Ábúendatal allra jarða eftir búsetu allt aftur til 1703.

Þá er getið eyðibýla og annarra mannvirkja svo sem félagsheimila, kirkna, vita, sumarbústaða o.fl.

Fjöldi litljósmynda af öllum ábúendum og flestum mannvirkjum prýða bókina.

Í tilefni jóla minnum við á þessa eigulegu bók sem tilvalin er til gjafa.

Eldri útgáfa Byggðasögunnar frá 1985 með ýmsum fróðleik sem ekki er í nýrri bókinni fæst á sömu stöðum á kr. 2.500,-

Pöntunarsími: 465 2300
og 465 2290

Bókin fæst einnig hjá:
Bókaverslun

Þórarins Stefánssonar
Húsavík,

Búgarði Akureyri,

Kristínu Kristjánsdóttur

Syðri Brekkum s: 468 1260

Bækurnar eru sendar án aukagjalds

Lækkað verð: 9.000,-

Framtíðarreikningur
Glitnis - gjöf sem vex og vex og vex...

Gefðu inneign á Framtíðarreikning Glitnis og fáðu fallega Latabæjarhúfu í Latabæjaröskju í kaupbæti.*

Þú færð Framtíðarreikning í útibúi Glitnis Kirkjusandi eða á www.glitnir.is.

GLITNIR

* Ef keypt er fyrir 3.000 kr. eða meira.



Fólkaveoja

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið

Heimsókn í Norðlenska

Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis leit nýlega við hjá starfsmönnum Norðlenska. Þar var allt á fullu og framleiðslan í fullum gangi enda úrvalsfólk sem starfar hjá fyrirtækinu á Húsavík. Hér koma nokkrar myndir frá heimsókninni.



Flott jólanáttföt og kjólar



Munið eftir
gæðakryddinu
frá


NOMU



Glaesilegt

úrval af undirfötum
fyrir allar dömur.

Vertu flott í jólakjölnum



Jólagjöfina færðu í Esar

- Jólaskreytingar
- Hyasintur
- Amaryllis
- Greni

Blómabúðin
ESAR
Garðarsbraut 5 • Sími 464 1313

PÚ Group

Þú ert framkvæmdastjórinn

Viðskiptavinirnir eru okkar mikilvægasta fjárfesting. Þú stýrir þínum fjármálum og ert framkvæmdastjóri og langstærsti hluthafinn í Þú Group. Það er engin tilviljun að viðskiptavinirnir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu í bankakerfinu 7 ár í röð.

REKINGAR



Við lögum okkur að þínum þörfum!

SPARISJÓÐUR
Þórshafnar og nágrennis

Bakkafni | Kópasker | Raufarhöfn | Þórshöfn



Ad venju vilja stéttarfélagin beina þeim tilmælum til beimamanna að þeir geri sín innkaup fyrir jólin í beimabyggð. Þannig stuðlum við að eflingu byggðar og þar með verslunar í Þingeyjarsýslum. Myndin er tekin í versluninni Strax í Mývatnssveit

Allir velkomnir í jólaboð stéttarfélaganna



Jólaboð stéttarfélaganna er fyrir löngu orðið bluti af jólaundirbúningi Þingeyinga því um 400 manns að meðaltali þiggja boð félaganna á hverju ári. Stéttarfélagin verða með opið hús laugardaginn 16. desember og verður jólagleðin ríkjandi.

Stéttarfélagin verða með opið hús í sal stéttarfélaganna frá kl. 14:00 til 19:00 laugardaginn 16. desember n.k. Þar verður gestum og gangandi boðið upp á kaffi, með-

læti og tónlist af bestu gerð. Ekki er ólíklegt að þeir rauðklæddu láti sjá sig. Húsvíkingar og aðrir Þingeyingar, upplifið jólastemninguna og mætið í jólaboð stéttarfélaganna.



VERKALÝÐSFÉLAG
HÚSAVÍKUR OG NÁGRENNIS

SJÓMENN

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis verður haldinn miðvikudaginn 27. desember kl. 17:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Félagar! Mjög áriðandi er að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn. Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar. Sjómenn stöndum vörð um okkar hagsmunamál!

Verkalýðsfélag Húsavíkur

og nágrennis

Dagatöl

Hægt er að fá mánaðardagatöl stéttarfélaganna fyrir árið 2007 gefins á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ert þú búin(n) að gera upp félagsgjaldið fyrir árið 2006?

- Ert þú að tapa réttindum -

Rétt er að benda þeim félagsmönnum á sem eru á vinnumarkaði og ekki hafa náð að greiða lágmargsgjald til stéttarfélaganna fyrir árið 2006 að gera það fyrir 15. febrúar 2007 ætli þeir að viðhalda réttindum í félögunum.

Lágmargsgjaldið er kr. 7.000,-. Félagsmenn þurfa sjálfir að passa upp á að þeir hafi náð að greiða lágmargsgjaldið þar sem ekki eru sendir út gíróseðlar fyrir því sem upp á vantar að félagsgjaldið hafi verið gert upp.

Desemberuppbót

- Sumarstarfsmenn eiga einnig rétt -

Starfsmenn sem vinna eftir kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og verið hafa í fullu starfi hjá sama fyrirtæki og eru við störf í lok nóvember eða fyrstu viku desember skulu eigi síðar en 15. desember fá greidda desemberuppbót kr. 40.700,-. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega.

Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs, veikinda eða eftir 12 vikna starf á árinu hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og

starfshlutfall á árinu. Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof og hafa unnið í a.m.k. eitt ár fá fæðingarorlof, það er 6 mánuði metið sem starfstíma við útreikning desemberuppbótar. Sömu reglur gilda fyrir skrifstofu- og verslunarfólk nema hvað þeir eiga rétt á 46.200,- kr. desemberuppbót m.v. fullt starf og hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall.

Það skal tekið fram að nokkrir hópar hafa hærrí desemberuppbót s.s. starfsmenn sveitarfélaga og ríkisstarfsmenn. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Full búð

af jólafötum
á dömur og herra,
töskur, skart
og fylgihlutir

Opið til kl. 16.
laugardag 9. des.

Verið velkomin



BARBARSBRAUT 62 SIMI 464 2727 ÖPÍÐ VIRKA DAGA 11 - 18 LAU 11 - 14
Við hlíðina á Sparisjóðnum

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (SGS)



Ríkismennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími: 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

LandsMennt skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími 562 6480
Fax 510 7549 • landsmennt@landsmennt.is • www.landsmennt.is


Námskeið fyrir fisk- vinnslufólk í byrjun janúar

Námskeiðahald á vegum Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis hefst strax 2. janúar en þá byrjar 40 stunda námskeið fyrir fiskvinnslufólk sem lýkur 8. janúar. Rúmlega 20 starfsmenn eru skráðir á námskeiðið. Flestir sem skráð hafa sig á námskeiðið eru Pólverjar

sem hér stunda vinnu hjá fiskvinnslufyrirtækjum. Námskeiðin eru haldin í samvinnu við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og fiskvinnslufyrirtæki á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis.

Greiða þarf félagsgjald af fæðingarorlofi

Rétt er að vekja athygli á því að þeir félagsmenn sem eignast börn og sækjast eftir fæðingarstyrk frá stéttarfélagunum þurfa að láta draga félagsgjald af greiðslum Tryggingarstofnunnar í fæðingarorlofi. Að öðrum kosti tapast rétturinn til fæðingarstyrksins hjá félagunum. Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa lengi styrkt sína félagsmenn sem eignast hafa börn. Rétturinn er til staðar hafi félagsmenn verið í félaginu í 12 mánuði fyrir fæðingu barns og að þeir hafi látið taka af sér félagsgjald í fæðingarorlofinu frá Tryggingarstofnun. Því miður eru dæmi um að sumir taki það ekki fram að þeir vilji greiða félagsgjaldið þegar þeir sækja um greiðslur í fæðingarorlofi frá Tryggingarstofnun og komi svo eftir á og vilji fá styrk frá stéttarfélagunum sem gengur ekki upp. Þess má geta að fá félög utan stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



veita félagsmönnum sérstaka styrki vegna barnsfæðinga.

Dagbækur

Félagsmenn geta nálgast minnisbækur/dagbækur fyrir árið 2007 á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta pantað hana og fengið senda í pósti.

Minnisbókinni er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

Skrifstofa stéttarfélaganna

Vetraropnunartími er frá 08:00 til 17:00

Heimasíða www.vh.is

Sími 464-6600

Fax 464-6600

Íslenskunám fyrir nýbúa



Um 70 erlendir starfsmenn mættu á félagsfund sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis boðaði til í september.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis boðaði til félagsfundar með erlendum félagsmönnum um miðjan september. Tilgangur fundarins var auk þess að ræða almennt um þeirra réttindi og kanna áhuga þeirra á íslenskunámi. Um 70 manns mættu á fundinn sem var framar vonum. Þess má geta að þetta er fjölmennasti félagsfundur sem Verkalýðsfélagið hefur haldið í mörg ár og er hugsanlega vísbending um það sem koma skal. Í kjölfar fundarins var ákveðið að Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga byðu uppá 30 stunda grunnnámskeið í íslensku

auk 120 stunda námskeiðs sem nefnist Landnemaskóli sem er fyrir lengra komna. Um er að ræða námskeið sem er miðað við þarfir erlendra starfsmanna og eru eftirfarandi námsþættir teknir fyrir; Íslenska, samfélagsfræði, tölvur, færnimappa, námsmat, sjálfstyrking og samskipti. Þegar á fundinum skráðu 60 sig á námskeiðin sem verið hafa í gangi undanfarið og er tveimur þeirra lokið. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á frekari námskeið eftir áramót fyrir erlenda starfsmenn. Námskeiðin eru félagsmönnum stéttarfélaganna að kostnaðarlausu.



Það þarf kraftmikið fólk til að sjá um að gefa um 400 börnum að borða daglega. Þessar myndir eru teknar á Fossbótel Húsavík sem sér um matseld fyrir nemendur Borgarbólsskóla á Húsavík. Skólalíðar sjá um að skammta börnunum og að allt fari vel fram.

Langur fimmtudagur 7. desember
- opið til kl. 22

15% afsláttur af öllum vörum frá 66°NORDUR



www.66north.is

TAKN
sport & útlívist

Klæddu þig vel



Ódýr gisting á Fosshótelum fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin hafa gert samkomulag við Fosshótel-keðjuna um verulegan afslátt af hótulgistingu fyrir félagsmenn. Gistimiði, sem gildir fyrir herbergi fyrir tvo með baði og morgunmat, kostar með niðurgreiðslu kr. 4.000,- fyrir félagsmenn. Gistimiðarnir eru til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Fosshótel reka 6 heilsárs hótél víða um land, m.a. Fosshótel Lind og Fosshótel Baron í Reykjavík.

Auk þeirra eru Fosshótel á Nesjavöllum, í Reykholti, á Egilsstöðum og að sjálfsögðu á Húsavík.

Fyrir gistinguna á Fosshótelum Lind og Baron þarf að auki að greiða kr. 1.500,- fyrir nóttina og er verðið í heild kr. 5.500,- sem er u.þ.b. helmingi afsláttur frá almennu gjaldi. Ekkert aukagjald er á öðrum Fosshótelum. Verðin verða endurskoðuð í vor.

Atvinnurekendur ath.

Breytingar á fræðslugjaldi

Frá 1. janúar 2007 greiða atvinnurekendur 0,15% í starfsmenntasjóð í stað 0,05%. Greiðslurnar renna til Landsmenntar, fræðslusjóðs Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis er í gangi samningur milli samningsaðila að Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík sjái um þessa innheimtu fyrir sjóðinn. Frá áramótum þurfa því fyrirtæki að skila gjaldinu með félagsgjaldi og greiðslum í sjúkra- og orlofssjóð. Rétt er að taka fram að þetta ákvæði á við um þá starfsmenn sem starfa eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands

Íslands sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis er aðili að auk Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Hækkun á iðgjaldi í lífeyrissjóði

Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekenda til samtryggingarlífeyrissjóðs úr 7% í 8% samhlíða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds. Þetta á við um þau fyrirtæki sem eru aðilar að kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands, Samiðnar og Landsambands íslenskra verslunarmanna. Starfsmenn halda hins vegar áfram að greiða 4% í lífeyrissjóð.

Alþjóðahúsið



Fjöldi erlendra starfsmanna á félagssvæði stéttarfélaganna hefur margfaldast á tveimur síðustu árum. Þess vegna var talin ástæða til að breyta merkingu á Skrifstofu stéttarfélaganna og er hún nú á þremur tungumálum. Það er á íslensku, ensku og pólsku. Án efa munu fleiri stofnanir og þjónustuaðilar á svæðinu þurfa að feta í

fótspor stéttarfélaganna og breyta merkingum til að auðvelda öllum aðgengi að þjónustu og upplýsingum, ekki bara íslendingum. Einnig stendur nú yfir vinna við að þýða heimasíðu stéttarfélaganna á ensku og pólsku og mun afraksturinn líta dagsins ljós á næstu vikum.

Aðfundur Starfsmannafélags Húsavíkur

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn á veitingastaðnum Sólku þann 12. október sl. Á dagskránni voru venjuleg aðalfundarstörf þar sem m.a. farið var yfir ársreikninga félagsins og þeir samþykktir og kosið í stjórnir og nefndir. Stjórnin var endurkjörin samhljóða og er hún skipuð þannig:

Stefán Stefánsson Formaður
Ása Gísladóttir Gjaldkeri
Guðrún K. Magnúsdóttir Ritari
Meðstjórnendur
Björn Hólmgeirsson og Helga Eyrún Sveinsdóttir

Í nefndir félagsins og aðrar stöður var kosið á eftirfarandi máta:

Félagskjörnir endurskoendur:
Tryggvi Jóhannsson, Ásmundur Bjarnason og Guðrún Jóhannsdóttir til vara.

Fulltrúar í stjórn Lífeyrissjóðs STH til næstu 4 ára.

Aðalmaður: Ása Gísladóttir
Varamaður: Stefán Stefánsson

Orlofsnefnd:

Málmfríður Sigtryggsdóttir og Karl Halldórsson

Menningarnefnd (Ferðanefnd):

Björn Hólmgeirsson
Jóhanna Björnsdóttir
Margrét Schiöth

Starfskjaranefnd:

Stefán Stefánsson
Hjálmar Hjálmarsson
Sigmundur Þorgrímsson til vara

Starfsmenntunarsjóður:

Stefán Stefánsson
Anna S. Mikelsdóttir
Guðrún Jóhannsdóttir til vara



Félögum í Starfsmannafélagi Húsavíkur er margt til lista lagt. Hér skreytir einn félaginn, Karl Oskar Aðalsteinnsson, jólatré Húsavíkinga á dögnum.

Illugastaðir til leigu í vetur



Öll aðstaða á Illugastöðum er orðin eins og hún getur orðið best. Það er því kjörið fyrir félagsmenn og gesti þeirra að bregða sér í vetur á Illugastaði í afslöppun.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á bústað Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis sem byggður var fyrir fjórum árum á Illugastöðum. Búið er að tengja hitaveitu í bústaðinn, verðindin hefur verið stækkuð og heitum potti komið fyrir. Öll aðstaða er því orðin

eins og hún gerist best. Félagsmenn geta fengið bústaðinn leigðan í vetur í viku eða yfir helgi. Áhugasömum er bent á hafa samband við skrifstofuna eða við Orlofsbyggðina á Illugastöðum sem sér um útleiguna í vetur.

Meðallaun um 30 til 40 þúsund krónur



Verkafólk frá Austur Evrópu sækir í auknum mæli til Íslands í leit að öryggi og betra lífi. Meðallaun í Eistlandi eru um 30 til 40 þúsund á mánuði.

Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis sem jafnframt er formaður Matvælsviðs Starfsgreinasambands Íslands fundaði með norrænum verkalýðsforingjum og fulltrúum frá Rússlandi, Lettlandi, Eistlandi og Litháen í október. Fundurinn var haldinn í Tallin. Að sögn Aðalsteins kom margt merkilegt fram á fundinum varðandi stöðu verkafólks í Eystrasaltsríkjnum. Verkalýðsfélög eiga erfitt uppdráttar og mjög fáir eru skráðir í félögin. Meðallaun verkafólks í Eystrasaltsríkjnum eru um 30 til 40 þúsund krónur á mánuði hjá verkafólki sem skilar um 40 til

50 tímum á viku. Lágmarkslaun eru kr. 15.000,-.

Það þarf því ekki að koma á óvart að fólk frá þessum löndum sækir til Íslands í vinnu þar sem laun og öryggi er miklu betri en í þessum löndum. Hins vegar er það áhyggjuefni að mörg íslensk fyrirtæki hafa verið að flytja starfsemi sína til þessara landa ekki síst vegna þess að launakostnaðurinn er ekki hár í þessum löndum. Sama á við um fyrirtæki á Norðurlöndunum. Þess vegna ekki síst vill norræna verkalýðshreyfingin leggja sitt af mörkum til að byggja upp sterka verkalýðshreyfingu í Austur-Evrópu.

Stofnanasamningur STH og HÞ undirritaður



Fulltrúar Starfsmannafélagsins og Heilbrigðisstofnunarinnar undirrituðu nýlega nýjan stofnanasamning. Hér eru fulltrúar starfsmanna að undirrita samninginn þau Sneybjörg Sigurðarson og Aðalbjörg Sigurðardóttir

Fulltrúar Starfsmannafélags Húsavíkur og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga undirrituðu stofnanasamning milli aðila þann 20. október sl. Samningurinn felur m.a. í sér röðun starfsmanna í launaflokka

samkvæmt starfslýsingu starfsmanna og skipuriti heilbrigðisstofnunarinnar og er þar með sniðin að aðstæðum starfsmanna og stofnunarinnar. Samningurinn er afturvirkur frá og með 1. maí 2006.

Fundað um lífeyrissjóðsmál



Lífeyrissjóðsmál voru nýlega til umræðu á fundi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Frummælandi á fundinum var Kári Arnór Kárasón.

Þann 18. október fundaði stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis um lífeyrissjóðsmál. Gestur fundarins var Kári Arnór Kárasón fyrrverandi formaður VH og núverandi forstöðumaður Lífeyrissjóðs Norðurlands. Fulltrúar frá stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur sátu einnig fundinn. Kári fór yfir stöðu sjóðsins og boðaðar breytingar á greiðslum til örorkulífeyrisþega og af hverju þær væru til komnar. Hann gerði grein fyrir breytingunum og ástæðum þess að ráðist var í endurskoðun á greiðslum sjóðsins til örorkulífeyrisþega.

Líflegar umræður urðu eftir framsögu Kára sem varðist fimlega og svaraði spurningum fundarmanna eftir bestu getu enda manna fróðastur um lífeyrissjóðsmál. Fundarmenn voru sammála um að lífeyrissjóðakerfið væri mikilvægt fyrir launþega/sjóðfélaga og að það ætti að gagnast fyrst og fremst þeim sem þyrftu á því að halda á hverjum tíma. Í lok fundar var Kára þakkað fyrir góðan fund og fundarmenn héldu heim á leið fróðari um lífeyrismál og tillögur LN um breytingar á reglum sjóðsins varðandi örorkulífeyri til sjóðsfélaga.

Iðnaðarmenn á skólabekk



Þinginn stóð fyrir námskeiði í gerð plastkubbabísa laugardaginn 28. október. Þátttakendur voru 17 og að sögn þátttakenda var námskeiðið mjög fræðandi og skemmtilegt. Hér má sjá Edda, Valda og Atla á námskeiðinu.

Ný launatafla er á heimasíðu stéttarfélaganna vh.is!

120 1886
2006

Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið opnuð ný þjónusta í Einkabankanum á landsbanki.is sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið milli fjölda málefna og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli

**Landsbankinn**

Banki allra landsmanna í 120 ár



DÚNALOGN


Gerð: Cintamani Eygló DM-712

Litir: Beinhlítur, svartur, nasagræna og rauður

Ekkiþyngi: 95% dúni, 5% fíður Fótur: Polyester

Ytra byrði: Polyester Lóðlagi: Ekki skinn

Þyngd: 700 gr. Verð: Kæmur á svart



metro

gjafakortin gilda í fataverslun,
hárgreiðslustofu, snyrtistofu og nudd.



DRANELLA MC PLANET



metro

Verslun - Tíska - Útivist

Garðarsbraut 26

Jóla gjafabréfapakkar



Nr. 1

Handsnyrting og fótisnyrting.
Verð: 8.200 kr.

Jólatilboð 7.500 kr.

Nr. 2

Slökunarnudd og fótisnyrting.
Verð: 8.900 kr.

Jólatilboð 7.900 kr.

Nr. 3

Andlitsbað ein og hálf stund með litun
og fótisnyrting með lökkun.
Verð: 13.550 kr.

Jólatilboð 11.800 kr.

Nr. 4

Phytomer andlitsbað, fótisnyrting með
lökkun eða parafinmaska og
Handsnyrting með lökkun eða
parafinmaska.
Verð: 17.200 kr.

Jólatilboð 14.700 kr.

Nr. 5 Dekurpakkinn

Lúxus andlitsbað, Steinanudd og
Fótisnyrting með lökkun eða
parafinmaska.
Verð: 23.550 kr.

Jólatilboð 20.000 kr.

ATH!!

Einnig bjóðum við upp á stakar snyrtingar

Tilvalin jólagjöf
fyrir alla



Snyrtistofan
HILMA
Sími: 464 1837

Garðarsbraut 26 • efri hæð

Framhaldsskólanemar í heimsókn



Það er alltaf ánægjulegt að fá nemendur Framhaldsskólans á Húsavík í heimsókn til að fræðast um atvinnulífið og sín helstu réttindi á vinnumarkaði. Skólinn hefur haft frumkvæði af þessum heimsóknum sem er til fyrirmyndar.

Hópur nemenda úr Framhaldsskólanum á Húsavík heimsótti Skrifstofu stéttarfélaganna í október til að hlýða á fyrirlestur um málefni stéttarféлага. Það er fastur liður í starfsemi Skrifstofunnar að fræða unglinga um réttindi sín á vinnumarkaði og þær skyldur sem fylgja. Aðalsteinn Á. Baldursson forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna flutti fyrirlesturinn og fór hann m.a. yfir lágmarksréttindi á vinnumarkaði, starfsemi stéttarféлага, ný og fjölbreyttari verkefni stéttarfélaganna í kjölfar þess að mikil aukning

hefur orðið á erlendu verkafólki á Íslandi og hvað hægt er að gera til að hafa áhrif á kjör sín og kaup.

Nemendurnir voru duglegir að spyrja um málefni sem snertu þá beint varðandi vinnutíma, laun og annað. Einnig voru þeir hvattir til að fylgjast vel með sínum launum og að vera klárir á sínum rétti varðandi vinnutíma og annað.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir kennari fylgdi hópnum sem er nú vonandi fróðari um réttindi sín og annað sem snýr að starfsemi stéttarféлага.

Trúnaðarmenn á námskeiði



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum stóðu fyrir trúnaðarmannanámskeiði í nóvember Leiðbeinendur voru Halldór Grönvold og Ingvar Sverrisson frá Alþýðusambandi Íslands. Á námskeiðinu var fjallað um atvinnuleysisstryggingar og

vinnumarkaðsaðgerðir og erlent launafólk á vinnumarkaði og verkefni stéttarféлага. 16 trúnaðarmenn sóttu námskeiðið. Stéttarfélagin leggja mikið upp úr því að halda uppi reglulegri fræðslu fyrir trúnaðarmenn.

Starfsmenn Landsvirkjunar fá launahækkun

Í nóvember skoraði Verklýðsfélag Húsavíkur og nágrennis á Landsvirkjun að veita almennum starfsmönnum sínum sambærilega launahækkun og Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands sömdu um frá og með 1. júlí 2006. Tveimur vikum seinna barst félaginu bréf frá Landsvirkjun þar sem tilkynnt var um að viðræður við fulltrúa Starfsgreinasambandsins um launahækkun væru á lokastigi og að starfsmenn Landsvirkjunar

fengju sambærilega launahækkun og samkomulag SA og ASÍ segði til um. Þegar þetta er skrifað hafa aðilar gengið frá samkomulagi um að starfsmenn fái í desember 2006 eingreiðslu að fjárhæð kr. 60.000,- fyrir fullt starf en hlutfallslega fyrir hlutastarf. Frá 1. janúar 2007 hækka laun starfsmanna um 4 til 6 launaflokka. Það má því segja að Landsvirkjun hafi svarað kalli Verkalýðfélags Húsavíkur og nágrennis og hækkað launin.

Jólafundur VHN



Þráinn og Sesselja skemmtu sér greinilega vel á jólafundum VHN sem baldinn var síðasta föstudag.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis kom saman til fundar í síðustu viku sem jafnframt var síðasti fundur ársins. Í tlefini af því var í lok fundar boðið upp á hangi-

kjöt og meðlæti. Skemmtidagskrá var einnig í gangi meðan á borðhaldi stóð. Um 30 manns sitja í stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins.

Góður vilji til sameiningar



Stjórnir Verkalýðsfélagsins og Verslunarmannafélagsins vilja íbúga sameiningu félaganna á næsta ári og er málið í skoðun.

Stjórnir Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og Verslunarmannafélags Húsavíkur hafa samþykkt að hefja viðræður um sameiningu félaganna. Sameiginlegur fundur þess efnis var haldinn nýlega. Þar var samþykkt sam-

hlýða að félagin skipuðu hvort um sig þrjá fulltrúa í viðræðunefnd sem ætlað er að kanna hvort grundvöllur sé til sameiningar félaganna. Stefnt er að því að niðurstaða liggja fyrir í síðasta lagi í vor.

Jólasmiðja



Hópur félagsmanna mætti á skreytingarnámskeið sem stéttarfélagin og Þekkingarsetur Þingeyinga stóðu fyrir í nóvember í samráði við Önnu Brynjars.

Í lok nóvember var boðið upp á þriggja kvöldra Jólasmiðju sem er samstarfsverkefni Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og Þekkingarseturs Þingeyinga. Jólasmiðjan kemur í stað föndurnámskeiða sem VH hefur staðið fyrir undanfarin ár. Það er von samstarfsaðila

áð hún eigi eftir að vinna sér fastan sess í jólaundirbúningi okkar Þingeyinga. Í ár var boðið upp á skreytingarnámskeið, námskeið í gerð létttra eftirréttana og í Hilmu og Metro var kennd undirstaða í förðun og val á snyrti- og hárvörum.

Námskeið og gjafir



Verkalýðsfélag Þórshafnar gaf nýlega Barnabóli gjöf auk þess að standa fyrir námskeiði á Þórshöfn.

Verkalýðsfélag Þórshafnar stóð fyrir námskeiði í skrautskrift á Þórshöfn dagana 20. til 24. nóvember. Góð þátttaka var en það mættu 11 manns á námskeiðið. Leiðbeinandi var Hrafngerður Ösp Elíasdóttir. Þá má geta þess að í tilefni af 80 ára afmæli Verkalýðsfélags-

ins gaf félagið kr. 80.000.- til Barnabóls á Þórshöfn sem ætlað er til húsgagnakaupa. Félagið hafði áður gefið félagi eldri borgara sömu upphæð og sagt var frá í síðasta fréttabréfi. Með þessari gjöf hefur félagið því stutt við þá elstu og yngstu í tilefni afmælisins.

Ályktað um orkuauðlindir

Í kjölfar hugmynda um að Kárahnjúkastífla verði ekki nýtt til raforkuframleiðslu heldur fái að standa sem minnisterki og að rafmagn í álver Alcoa á Reyðarfirði verði fengið frá háhitavæðum í Þingeyjarsýslum samþykkti stjórnar- og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis að senda frá sér eftirfarandi ályktun þann 29. september sl:

Að gefnu tilefni vill stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis áreitt skoðun félagsins um að orkuauðlindir í Þingeyjarsýslum verði nýttar til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Byggðavandi eins byggðarlags verður ekki leystur með því að velja honum yfir á annað landsvæði. Því eru hugmyndir um flutning á jarðvarmaorku úr Þingeyjarsýslum til Austurlands fráleitar.

Fjöldmennur morgunverðarfundur um íslenskan landbúnað



Það var margt um manninn á fundi bændasamtakanna, bér gefur að líta þingmennina, Einar Odd, Atla Gíslason, Drífu Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson og Guðna Ágústsson landbúnaðarráðbera.

Það var fullt út úr dyrum í Sunnusal Hótel Sögu þegar Bændasamtök Íslands efndu til morgunverðarfundar um spurninguna: Á að vera landbúnaður á Íslandi? Á þriðja hundrað fundarmanna hlýddu á þrjú framsögugerindi og ræddu svo málin að þeim loknum. Var það samdóma álit fundarmanna að fundurinn hefði verið ákaflega fróðlegur og gott innlegg í málefnalega umræðu um stöðu íslensks landbúnaðar um þessar mundir.

Haraldur Benediktsson formaður BÍ setti fundinn en Sigurgeir Þorgeirsson framkvæmdastjóri stýrði honum og gaf fyrst orðið Valdimar Einarssyni sem fjallaði um

landbúnað á Nýja-Sjálandi og hvort hægt væri að bera hann saman við íslenskan. Því næst tók til máls Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis sem fjallaði um stöðuna frá sjónarhóli verkafólks og starfsfólks í úrvinnslugreinum landbúnaðar á landsbyggðinni. Loks ræddi Anna Sigríður Ólafsdóttir lektor í næringarfræði við Kennaraháskóla Íslands um mikilvægi gæða og hreinleika í búvöruframleiðslunni og þýðingu þess fyrir ímynd Íslands sem matvælaframleiðslulands. Fundurinn var allur tekinn upp á myndband sem hægt er að skoða á bondi.is.. Þessi frétt er tekin af heimasíðu Bændasamtaka Íslands.

Samruni lífeyrissjóða


Stjórnir Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands hafa staðfest samrunasamning milli þessara sjóða, með fyrirvara um samþykki ársfunda þeirra. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir því að sjóðirnir verði sameinaðir miðað við stöðu þeirra í árslok 2006 og að samruninn verði endanlega staðfestur á ársfundum sjóðanna á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að ársfundirnir verði haldnir fyrir febrúarlok. Markmið sameiningarinnar er að auka hagkvæmni í rekstri, bæta áhættudreifingu og ávöxtun eigna og hámarka með þeim hætti þau lífeyrisréttindi sem sameinaður sjóður getur veitt sjóðfélögum sínum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrótafirði í vestri

á Skeiðársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi, verslun, þjónustu, iðnaði ofl. Sameinaður sjóður mun taka til starfa í byrjun mars á næsta ári gangi sameiningarárformin eftir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfstöðvum sjóðanna á Neskaupstað og Akureyri við sameininguna. Sjóðfélagar í sameinuðum sjóði verða um 20 þúsund og lífeyrisþegar um 6 þúsund talsins. Eignir sameinaðs sjóðs verða ríflega 80 milljarðar króna og árlegar lífeyrisgreiðslur um 2 milljarðar króna.


-Góð verðlaun í boði -

Þeir sem skila inn þessari krossgátu til Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir 23. desember fara í pott sem dregið verður úr 23. desember. Sá sem verður dregin fyrstur úr pottinum fær veglega matarkörfu að gjöf og Sögu Verkalýðsfélags Húsavíkur. Þeir sem dregnir verða númer tvö og þrjú fá konfekt og óvæntan glaðning að gjöf. Þess vegna er um að gera að vera með og freista þess að fá óvæntan glaðning fyrir jólin. Rétt er að geta þess að þátttakendur geta einnig faxesað krossgátuna til skrifstofunnar á faxnúmerið 464 6601.

Hægt verður að nálgast úrslitin á heimasíðu stéttarfélaganna vh.is þann 23. desember.




	<i>W</i>	SVALL	BORÐABI FÖÐA		OFN AT- ORÐU 2	TUNNA MAS
	STUÐUR DÝRKA					
	SLAG MUGA LUMMUR			UMÞANDI BÁTA- SKYLI		



		NABRA DRÖPI					<i>W</i>			VIT- SKERTA HANGA
TÍSKU TÖNN						STYUJA SLA USS				
GRÖW- METI			SPARA SAMTÖK					ÞREYFIUG SKRAPA JURT		
AFL				ANDI GLOSTABI EYÐSLA						
		HALL- MOLI KABALL						GOLA TARFUR FJÖR		
TIL KAMA			UPPNR KYRÐ BLUÐUR	6	ÁYRKA VERK SKORTUR					
UPP- HAF										
<i>W</i>	↓	SYUJA OFF FLAS				TUHLJ GRÖÐ				4
HEST BOR	1			GLAÐUR HUTDI EINSUM K						HULDUR- VERUNA
EKKI- SAUN- FÖRANDI LEIT					3					
			TALM KYN VARD							TALA Hljómur
RÖÐD ILÁT				FYRGA- EFTIR RÖSK				SPAUN SAUBUM SIBASTUR		
<i>W</i>	↳					HÁSI SAMTEUG.				
NAM SAMTEUG			7			NÚLL FYRSTUR		SKAL		
GRAN NES				SÍÐA FUGL					5	

Séreignarsparnaður í fremstu röð!

28%



Frá upphafi hefur Séreignarsparnaður hjá Lífeyrissjóð Norðurlands verið í fremstu röð og hafa bæði sófnin verið með jákvæða ávöxtun frá upphafi.

Við samanburð á ávöxtun á safni 2 síðastliðna 12 mánuði* við sambærileg sófn hjá bönkunum sést svo ekki verður um villst að séreignarsparnaður okkar heldur sínum yfirburðum og gefur hér eftir sem hingað til mun betri ávöxtun.

Er ekki tími til kominn að hugsa málið? **Hvar er þín séreign?**

Hlökkum til að heyra frá þér;

Starfsfólk Lífeyrissjóðs Norðurlands

* Miðað við ávöxtun 1. október 2006.

**LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

Eru laun trúnaðarmál?

Lagalega, þá er staðan sú að stéttarfélagin semja um kaup og kjör sinna félagsmanna auk þess sem margþætt og stundum flókin löggjöf gildir um ýmis mál eins og tryggingar, lífeyrissjóði, aðbúnað og hollustuhætti og fleira í þeim dúr. Í okkar réttarkerfi eru það stéttarfélagin sem bera hitann og þungann af því að fylgjast með því að kjarasamningar og ráðningarsamningar séu virtir gagnvart félagsmönnum sínum. Það sama á við um skyldur gagnvart stjórnvöldum. Af þessu leiðir að engin "launaleynd" gildir þegar kemur að samskiptum einstakra félagsmanna við stéttarfélag sitt eða trúnaðarmenn þess. Eftir atvikum ber hins vegar þessum aðilum að gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem þeir fá en það á að sjálfsgöðu ekki

við gagnvart atvinnurekanda eða stjórnvöldum. Hafa ber einnig í huga, að í landinu gilda lög sem m.a. mæla fyrir um jafnrétti kynjanna. Verði trúnaðarmaður þess t.d. var, að atvinnurekandi mismunar starfsmönnum sínum eftir kyni, þá ber honum í raun skylda til þess að bregðast við. Það sama á við ef fólk er mismunað vegna þjóðernis eða stöðu sinnar. "Launaleynd" getur einnig stundum verið fullkomlega inntakslaus, t.d. þar sem laun eru kyrfilega greidd eftir umsömdum töxtum. Af öllum þessum ástæðum leiðir, að "launaleynd" getur í einhverjum tilvikum átt rétt á sér en inntak hennar takmarkast mjög af kjarasamningum, lögum og hefðbundnum skyldum stéttarféлага og trúnaðarmanna þeirra.

Sveitamennt, nýr fræðslusjóður

Mikill uppgangur hefur verið í starfsmenntun verkafólks á síðustu árum. Þar kemur ekki síst til að verulegu fjármagni hefur verið veitt til starfsmenntunar í kjarasamningum. Um næstu áramót verður til viðbótar þeim sjóðum sem þegar hafa verið stofnaðir til nýr sjóður, Sveitamennt. Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum og starfsmönnum þeirra sem eru innan Starfsgeinasambands Íslands s.s. Verka-

lýðsfélags Húsavíkur og nágrennis styrki til starfsmenntunar. Sjóðurinn verður fjármagnaður með framlögum frá sveitarfélögum sem nemur 0,72% af heildarlaunum starfsmanna. Skrifstofa stéttarfélaganna mun sjá um að innheimta gjaldið á félagssvæði stéttarfélaganna. Hægt er að fræðast nánar um sjóðinn og úthlutunarreglur á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Fríðrik Jónasson smíður og málarí er sérstaklega bandlaginn eins og sjá má á þessari mynd. Fríðrik er einnig fristunda bóndi og ræktar kollótt fé.

Þitt val – þín leið

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Flestir geta verið sammála um að mannauður sé verðmætasta auðlind fyrirtækis. Því er nauðsynlegt að uppbygging þekkingar og færni starfsmanna sé höfð í forgangi, m.a. í því skyni að geta sem best komið til móts við þarfir viðskiptavina og samstarfsaðila og mætt þeim breytingum sem við mætum á hverjum degi. Þegar hlúð er að mannauðnum hefur það áhrif á líðan einstaklingsins í starfi. Starfsánægja getur haft mikil áhrif á þætti eins og afköst og starfsmannaveltu. Þá skiptir einnig máli að hver starfsmaður sé að fast við verkefni sem henta hans áhugasviði og hæfni og að hann fái tækifæri til þess að þróast í starfi.

Í haust fór af stað verkefnið „Þitt val – þín leið. Námsráðgjöf á vinnustað“. Verkefnið er unnið í samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Þekkingarseturs Þingeyinga, stéttarfélaganna á svæðinu og fræðslusjóða þeirra. Markmið verkefnisins er að hvetja starfsmenn til að bæta við sig þekkingu og færni og bjóða félagsmönnum stéttarfélaganna á svæðinu upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Þeir sem leita til náms- og starfsráðgjafa geta kannað möguleika sína hvað varðar sí- og endurmenntun, starfsval og aukið möguleika sína á vinnumarkaði. Náms- og starfsráðgjafi veitir aðstoð og upplýsingar um vinnubrögð í námi-, námstækni og einnig er hægt að taka áhugasviðsgreiningu



Helena Eydis Ingólfssdóttir.

sem getur aðstoðað við að fá svör við spurningum varðandi náms- og starfsval. Hún mælir áhugasvið einstaklinga og gefur vísbendingar um hvaða nám og störf geti hentað hverjum og einum. Félagsmenn stéttarfélaganna geta í samstarfi við yfirmenn sína óskað eftir heimsókn náms- og starfsráðgjafa á vinnustaðinn sinn með því að hafa samband við undirritaða. Ráðgjafinn mætir þá á vinnustaðinn, kynnir verkefnið fyrir starfsmönnum og veitir einstaklingsráðgjöf á staðnum á vinnutíma starfsmanna. Viðtal hjá námsráðgjafa kostar 1.000 kr. og er sá kostnaður greiddur af fræðslusjóði þess stéttarfélags sem viðkomandi er félagi í.

Helena Eydis Ingólfssdóttir
Náms- og starfsráðgjafi
Þekkingarsetur Þingeyinga



Ásgeir Þór Ásgeirsson formaður knattspyrnuráðs kvenna færði stéttarfélagunum viðurkenningarskjal síðasta föstudag frá knattspyrnuedeild Völsungs. Þar þakkar knattspyrnuráð meistaraflokks kvenna stéttarfélagunum fyrir frábæran stuðning á árinu 2006. Jakob G. Hjaltalín stjórnarmaður í VHN tók við viðurkenningunni fyrir bönd stéttarfélaganna.



Óskum öllum íbúum
Norðurlands

*gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári*

Starfsfólk Norðurlands

